



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
þegar hornsteinn er lagður
að Búrfellsstöð II
28. júní 2018**

Fjármála- og efnahagsráðherra,
forstjóri Landsvirkjunar og aðstoðarforstjóri,
aðrir góðir gestir:

Í ár fögnum við Íslendingar hundrað ára fullveldi. Hinn 1. desember 1918 varð Ísland frjálst og fullvalda ríki. Áfram var landið í konungssambandi við Danmörku og danskir ríkisborgarar nutu áfram ýmissa réttinda hérlendis, meðal annars til atvinnurekstrar og hugsanlegrar nýtingar náttúruauðlinda. Og þá var ekki síst horft til vatnsfalla landsins. Virkjanaöld var ekki hafin en vonir höfðu vaknað. Árið 1907 voru þeir saman við Gullfoss, Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra Íslands, og Friðrik VIII Danakonungur, og skáluðu fyrir því afli sem byggi í fossum Íslands og nýta mætti í þágu þegnanna. Og nokkrum árum fyrr – við upphaf aldarinnar – hafði Einar Benediktsson ort þekktan óð um þennan auð: „Fram! Temdu fossins gamm / framfaraöld!“ kvað skáldið.

Einar sat ekki við orðin tóm. Fossafélagið Títan var stofnað, fé var safnað og stórvirkjun áformuð á þessum stað, virkjun sem var ætlað að framleiða rafmagn fyrir íbúa landsins og stóriðju, ekki síst áburðarverksmiðju.

Í það sinn varð ekkert úr framkvæmdum. Því réð helst stríðið mikla, fjarlægð landsins frá mögulegum mörkuðum og tækniframfarir sem leiddu til þess að minni orku þurfti en áður til að framleiða áburð.

Áfram lifðu þó áform um virkjun vatnsfalla. Þjóðin þurfti rafmagn og þjóðin þurfti gjaldeyri. Hálfri öld eftir fullveldisheimt 1918 var hátíðarstund á þessum slóðum, hornsteinn lagður að Búrfellsstöð, fyrstu stórvirkjun Íslendinga. Til verksins var kvaddur Ásgeir Ásgeirsson forseti, búinn að sitja Bessastaði í sextán ár og liðið að lokum hans forsetatíðar. Ásgeir var þá aldurniginn, hann mundi tímana tvenna. „Rafvirkjun hófst hér á landi fyrst til lýsingar í

vetrarmyrkrum, og síðar til upphitunar í vetrarkulda.“ Svo mælti forsetinn hinn 3. maí 1968, búinn að festa hornsteininn í vatnsorkuverinu mikla sem er steinsnar héðan. „Það er hin mesta og bezta búningsbót í þessu landi,“ sagði Ásgeir ennfremur, „að ljós og hiti komi í stað myrkurs og kulda. Það búa óþrjótandi möguleikar í fallvötnum og hverasvæðum þessa lands mótsagnanna sem geta gengið upp í æðri eining.“

Aftur leið hálf öld. Enn á ný er mannfagnaður undir Sámsstaðamúla og hornsteinn lagður. Búrfellsstöð II nefnist hin nýja virkjun. Hún nýtir að miklu leyti þau mannvirki og lón sem fyrir eru. Ekki hefur staðið mikill styrir um þetta vatnsorkuver sem er að mestu neðanjarðar. Ég þakka öllu því fólki sem hefur unnið að gerð virkjunarinnar, hér hefur greinilega verið vandað til verks. Fróðlegt er að bera saman þennan tækjum prýdda helli og stöðvarhúsið sem teiknað var fyrir Títan-félagið á sínum tíma. Margt hefur breyst á hundrað árum en meginhugsunin er óbreytt, að nýta straumpunga vatns, knýja hverfla, skapa verðmætt rafmagn.

Já, margt hefur breyst en hitt er líka óbreytt að tekist er á um virkjanir og áhrif þeirra á náttúru landsins. Á sama tíma og þeir Títan-menn vildu virkja Þjórsá var horft vonaraugum til vatnsaflsins í Gullfossi og virkjunar þar. Því mótmælti Sigríður Tómasdóttir í Brattholti. Merk saga Sigríðar hefur á sér nokkurn helgisagnablæ en ástríða hennar verður lengi í minnum höfð. Um miðja síðustu öld var enn gert ráð fyrir þeim kosti að fórna Gullfossi fyrir megavött og Sigríður skrifaði Sveini Björnssyni forseta. Hún fékk skýrt svar: „Ráðuneytið, þingið og þjóðin munu ... vera á sömu skoðun sem þú: Gullfoss má ekki virkja nokkurn tíma.“

Góðir áheyrendur: Blessunarlega rättust hugmyndir um virkjun Gullfoss aldrei og við sem nú lifum í þessu landi megum þakka þeim sem færðu málið í þann farveg. Nú hefur hornsteinn verið lagður að þessu stöðvarhúsi. Megi hin nýja virkjun færa birtu og yl í hús. Og megi þingið og þjóðin líka bera gæfu til að vega og meta alla kosti við nýtingu okkar auðlinda þannig að næstu kynslóðir uni sáttar við.